

Fuglalíf við Dyrhólaós í Mýrdal

Unnið fyrir Samtök íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal

Styrkt af Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar



Apríl 2013
Jóhann Óli Hilmarsson

Skýrslan er tileinkuð minningu Kjartans Jónssonar (1952-2012), baráttumanns fyrir verndun Dyrhólaóss.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Útdráttur	4
1. Inngangur	5
2. Aðferðir og athugunarsvæði	7
3. Umhverfi Dyrhólaóss	7
4. Niðurstöður	9
4.1. Fartími	10
4.2. Varpfuglar	13
4.2.1. Sjófuglar	13
4.2.2. Mófuglar	14
4.2.3. Aðrir varpfuglar	15
4.3. Vetrarfuglar	16
5. Verndarviðmið	16
6. Umræða	16
7. Prentaðar heimildir	17
8. Viðaukar	20

Forsíðumynd: Fýllinn er einkennisfugl í Mýrdal. Allar myndir eru teknar af höfund, nema loftmyndir eru fegnar af vef símskrárinnar, já.is.



1. mynd. Álfir á Dyrhólaósi 19. okt. 2012. Reynisdrangar í baksýn.

Útdráttur

Fuglalíf á og við Dyrhólaós var kannað með 11 talningum, tveimur vorið 2010, 8 dreifðum yfir árið 2012 og einni að vetrarlagi 2013. Talið var allt í kringum ósinn frá völdum stöðum. Í júní var þéttleiki og útbreiðsla fugla á fyrirhugaðri veglínu á bökkum Dyrhólaóss kannaður.

Talsverður munur var á fuglalífi, eftir því hvort ósinn var *úti* eða *uppi*, hvort útfallið væri stíflað eða ekki. Áberandi minna var af vaðfugli þegar ósinn var *uppi*, með hárri vatnsstöðu, en þá bar meira á öndum. Dyrhólaós er mikilvægur viðkomustaður fyrir gæsir, endur, vaðfugla og kríu á fartíma á vorin (apríl-maí) og haustin (júlí-nóvember). Vorfarið stóð í styttri tíma og með hærri toppi, en haustfarið var lengra og jafnara.

Alls fannst 51 fuglategund í talningum og upplýsingar fengust um nokkrar í viðbót á athugunartímanum. Ellefu tegundir mófugla voru skráðar í punktatalningum á mófuglum á eða nærri veglínunni. Þéttleikinn var mikill, reiknaður þéttleiki nærri 400 pör á km², en úrtakið í minna lagi. Hrossagaukur og stelkur voru algengustu varpfuglarnir, lóupræll, óðinshani og brandugla sjaldgæfustu.

Tvær tegundir ná viðmiðum Alþjóða fuglaverndarsamtakanna *BirdLife International* til að svæðið komist á skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA), sanderla og jaðrakan, en aðeins í einni talningu. Meiri upplýsingar þarf til að svæðið verði skráð sem IBA svæði. Dyrhólaós er á Náttúrminjaskrá og Dyrhólaey friðlýst. Margar fuglategundir sem fundust á ósnum eru á valista Náttúrfræðistofunnar, eru ábyrgðartegundir, einlendar undirtegundir og/eða tegundir á SPEC lista *BirdLife* og skráðar í viðauka Bernarsáttmálans.

Niðurstöður þessara rannsókna benda til að vegarstæði með bökkum Dyrhólaóss geti haft varanleg og skaðleg áhrif á fuglalíf við ósinn. Margir fuglar nota túnin og mýrarnar kringum ósinn til fæðuöflunar og sækja svo á ósinn til hvíldar eða flýja þangað, ef þeir verða fyrir styggð. Litlar mannaferðir eru um norðanverðan ósinn nú og hafa fuglar þar mikinn frið til varps og annarrar iðju, samhliða því að framræst land á þessu svæði sem ekki er nýtt, er smátt og smátt að blotna upp og færast í fyrra horf. Þetta mundi breytast mikið við tilkomu vegar. Jafnframt er óljóst hvaða áhrif vegur muni hafa á vatnsbúskap og leirurnar í Dyrhólaósi.

1. Inngangur

Það hefur komið fram í umræðunni varðandi vinnslu á aðalskipulagi Mýrdals 2012-2028, sem staðfest var að af ráðherra með auglýsingu 5. mars 2013, að upplýsingar skortir tilfinnanlega um fuglalíf og umferð fugla um ósinn og nágrenni hans. Fuglalíf Dyrhólaeyjar er sæmilega þekkt og einhverjar athuganir eru til um fugla nærri veginum út í eyna. *Samtök íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal* óskuðu eftir við undirritaðan að kanna fuglalíf á og við Dyrhólaós 2009. Fjárhagslegur grundvöllur verkefnisins varð að veruleika í maí 2012, þegar Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar veitti af rausn styrk til verksins.

Athuganir beindust einkum að tvennu, að kanna hvaða fuglar hefðu viðkomu á ósnum og hvaða fuglar yrpu við ósinn. Jafnframt voru heimildir skoðaðar. Birtar heimildir fjalla eingöngu um Dyrhólaey (María Harðardóttir & Einar Ó. Þorleifsson 2000, Erpur Snær Hansen & Ingvar Atli Sigurðsson 2012). Höfundur fékk aðgang að óbirtum fugladagbókum Erlu Biljar Bjarnardóttur, Reynisholti og Evu Daggar Þorsteinsdóttur, Garðakoti, sem veittu gagnlegar viðbótarupplýsingar.

Ýmsir aðstoðuðu við talningar eða annað: Edward B. Rickson, Hrafn Svavarsson, Magnús Magnússon, Halla Hreggviðsdóttir, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson og Birgir Arnar Sigurðsson. Ólafur K. Nielsen og Erla Bil Bjarnardóttir lásu yfir uppkast og komu með þarfar athugasemdir. Loks er þakkað samstarfið við Samtök íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal.



2. mynd. Spóar á farflugi við Dyrhólaey 17. maí 2012.



3. mynd. Skipting Dyrhólaóss og nágrennis í talningarsvæði. Mörkin í ósnum eru óviss. Jafnframt sjást Brandslækur og Hvammsá, en talið var með þeim. Ágætt er að stækka skjalið til að átta sig betur á myndunum.



4. mynd. Helstu talningapunktur kringum Dyrhólaós. Það fór talsvert eftir því hvort ósinn var úti eða uppi hvar talið var norðanmegin. Ósinn er úti á myndinni. Loftmyndir af símaskrárvefnum.

2. Aðferðir og athugunarsvæði

Fuglar á og við Dyrhólaós voru taldir 11 sinnum. Talið var tvisvar á útmánuðum og vorið 2010, 8 sinnum frá vori fram á haust 2012 og loks í febrúar 2013. Auk þess var svæðið heimsótt tvisvar, án þess að þar væri talið. Hinn 11. júní 2012 voru framkvæmdar svonefndar punktatalningar á norðurbakka óssins, til að kanna tegundasamsetningu og þéttleika varpfugla og þá sérstaklega mófugla. Punktatalningar byggja á því að allir mófuglar eru taldir frá ákveðnum punkti í vissan tíma, valið var að telja í 5 mínútur. Skráð var hvort fugl sýndi varpatferli eða ekki. Fjarlægð frá talningarmanni í fugl var mæld með fjarlægðarmæli og staðsetning punktsins tekin með GPS tæki. Niðurstöður punktatalninga voru settar í sérstaka reikniformúlu, sem byggir á s.n. distance-aðferð (Bibby o.fl. 1992).

Svæðinu var skipt í nokkur talningasvæði til hægðarauka þar sem það er víðáttumikið og flatt og talsvert snúið að telja það. Ósnum sjálfum ásamt aðliggjandi bökkum og votlendi var skipt í 5 svæði, A, B, C, D og V, sjá 3. mynd. Mörkin eru nokkuð óviss um miðjan ósinn. Svæði A er austasti hluti óssins og var sá hluti talinn frá Reynisfjöru (4. mynd). Svæði B er neðan við Reynisholt og umhverfis ósa Hvammsár. Svæði C er nyrsti hlutinn, nær frá Loftsalahelli og umhverfis ósa Brandslækjar. Svæði D nær frá Geitafjalli að ósnum við Lágey. Svæði V er síðan votlendið vestan og sunnan við veginn úti Dyrhólaey.

Jafnframt voru talin eftirfarandi svæði umhverfis ósinn: votlendi og tún meðfram vegarslóða með Brandslæk; sömuleiðis með Engjavegi frá Þórisholti að ósi Hvammsár og loks á túnnum og ökrum við Reynisholt (2. mynd). Talið var með fjarsjá, 20-60x77 af völdum stöðum og jafnframt var notaður handsjónauki, 8x32. Helstu talningapunktur eru sýndir á 3. mynd. Það fór nokkuð eftir vatnsstöðu hvaða punktar voru notaðir norðanmegin, þegar ósinn var úti var stundum hægt að nálgast fugla meir en þegar hann var *uppi*.

Allir fuglar voru greindir til tegundar og jafnframt til kyns og aldurs, eftir því sem aðstæður leyfðu. Vegalengdir eru víða miklar í ósnum og færi langt og því tókst ekki alltaf að kyn- eða aldursgreina.

3. Umhverfi Dyrhólaóss

Dyrhólaós er allstórt en grunnt (víðast undir 2 m) ísalt lón í Mýrdal í V-Skaftafellssýslu. Mestar grynningar eru í vesturhluta óssins. Sjór gengur inn Útfallið á flóði og á föllum er þar töluverður straumur. Selta er mjög breytileg eftir því hvort flóð er eða fjara. Algeng selta á stórum svæðum er 10-20%. Hún er að jafnaði hæst næst Útfallinu og þar eru seltubreytingarnar mestar (10-34%). Í Dyrhólaós renna nokkrar ár og lækir, svo sem Hvammsá, Deildará og Brandslækur. Árnar eru að stofni til dragár. Þær eru stuttar og því fremur kaldar. Vatnshiti í ósnum virðist að miklu leyti háður lofthita. Botn er víðast leðju- og leirkenndur en næst ósnum er óstöðugur sandbotn. Útfall Dyrhólaóss á það til að lokast. Við það hækkar í honum (allt að 1 m), og sjór flæðir ekki inn, ósinn er *uppi* (VSÓ ráðgjöf 2012).

Ósar eru mikilvægir fæðuöflunarstaðir vaðfugla en þar finnast gjarnan leirur þar sem fuglarnir leita sér ætis. Vistfræðilega eru það ýmsir þættir vatnafars sem gegna lykilhlutverki í því að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir slík svæði. Svo virðist sem að ferskt vatn með miklum lífrænum næringarefnum skili sér í gegnum læk, skurði og jarðveg niður Mýrdalinn og í Dyrhólaós. Með vatninu berast í ósinn fínefni sem falla út og mynda leirubotn þar sem er skjól frá straumum í ósnum, jafnframt því sem að gróðurleifar af landrænum uppruna sem berast með vatni útá leiruna. Rotverur brjóta lífrænu leifarnar niður og grotið nýtist sem fæða fyrir örverur



5. mynd. Dyrhólaós 1. ágúst 2012. Útfallið er lokað og ósinn uppi.



6. mynd. Dyrhólaós 22. ágúst 2012. Nýbúið er að moka ósinn út.



7. Mynd. Dyrhólaós 19. sept. 2012. Útfallið opið og ósinn úti.

og hryggleysingja, sem aftur er fæða fyrir fugla (VSÓ ráðgjöf 2012, Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989).

Sjávarleirur myndast þar sem fíngert set safnast fyrir í skjólsælum víkum og vogum. Hlutdeild lífræns efnis og kornastærð setsins ráða mestu um eiginleika leirunnar og hversu aðlaðandi hún er fyrir lífverur. Leirur eru eitt mikilvægasta búsvæði margra fuglategunda sem sækja í mergð hryggleysingja, einkum orma, smávaxin skeldýr og mýflugulirfur. Þéttleiki fugla á leirum er með því mesta sem gerist, miðað við önnur búsvæði, en miklar árstíðasveiflur eru í fjölda. Flestir fuglar fara um á fartíma vor og haust og á sumum leirum er lítið að gerast fyrir utan þennan mikilvæga tíma (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989, Tómas Grétar Gunnarsson 2007).

Sá hópur fugla sem reiðir sig hvað mest á leirur eru vaðfuglar. Til dæmis tjaldur, heiðlóa, sandlóa, stelkur, jaðrakan, lóupræll og sendlingur. Hundruð þúsunda hánorrænna vaðfugla sem fara um Ísland vor og haust á leið til Grænlands og Kanada eru einnig háð leirum. Sumir þessara hánorrænu fugla kæmust raunar ekki alla leið til varpstöðvanna og hefðu ekki orku til varps, ef þær hefðu ekki þennan möguleika á að endurnýja forðann í íslenskum fjörum. Í hörðum vorum gegna leirur lykilhlutverki til að tryggja íslenskum mófuglum lífsviðurværi (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989, Tómas Grétar Gunnarsson 2007).

Stór hluti af umhverfi Dyrhólaóss að norðanverðu, frá Geitafjalli að Hellum, eru gamlar mýrar, sem Mýrdalur dregur nafn sitt af. Þetta svæði var allt grafið og ræst fram á árunum 1960-1975, eins og tíðkaðist á þeim tíma. Á loftmyndum (3. og 4. mynd) sést að svæðið er þéttgrafið af skurðum. Nú hefur landið að einhverju leiti verið að ganga til baka. Skv. gróðurkorti Náttúrufræðistofnunar (VSÓ ráðgjöf 2012) er mestur hluti þess svæðis sem veginum er ætlað að liggja um nú skilgreint sem mýrar, flói og deiglendi. Þegar ósinn er *uppi* blotnar mjög í þeim svæðum sem að honum liggja.




8. mynd. Dyrhólaói 17. maí 2012. Útfallið er opið og ósinn er úti.

4. Niðurstöður

Alls fundust 51 fuglategund í talningunum, en heimildarmenn bættu 6 tegundum við listann. Það er mikill munur á ákveðnum fuglahópum, eftir því hvort ósinn er uppi eða úti (ósinn lokaður eða opinn). Miklu meira er af vaðfugli í ósnum þegar hann er *úti*


(ósinn opinn, 3., 4., 6., 7., 8., 17. og 19. mynd) en meira af öndum þegar hann *uppi* (ósinn lokaður, 5. og 18. mynd). Sjá 1. töflu og 9. og 10. myndir.



9. mynd. Fuglatalningar á Dyrhólaósi, heildartölur. Athugunum raðað eftir mánuðum, óháð árum.

4.1. *Fartími*

Fartíminn um vorið einkenndist af umferð gæsa og vaðfugla. Mikið sást af heiðagæs, yfir 500 fuglar, á þriðja hundruð helsingjar og slæðingur af grágæs. Gæsirnar sækja á túnin til beitar, en fljúga útá ósinn, ef þær verða fyrir styggð og þær náttu sig þar. Mikið sást af jaðrakönum 22. apríl, þar af um 1250 fuglar í einum hópi (12. mynd). Farflug tjaldsins hófst í mars, talsverð umferð var af tjöldum allt vorið. Nokkuð sást einnig af heiðlóum, stelkum og hrossagaukum. Einn rauðbrystingahópur sást. Ósinn var *uppi* í talningu 27. apríl, en það sýndi sig að mun meira var af vaðfuglum þegar hann var *úti*. Fjöldi andategunda sást um vorið, en ekki í stórum hópum. Þetta voru rauðhöfðaönd, gargönd, urtönd, stokkönd og grafönd úr hópi gráanda (buslanda), en skúfönd, duggönd, hávella og æður úr hópi kafanda, auk toppandar (fiskiönd). Stór kríuhópur (875 fuglar) hvíldi sig í ósnum 17. maí ásamt nærri 300 ritum.



10. mynd. Talningar á vaðfuglum í Dyrhólaósi 2010 - 2013. Athugunum raðað eftir mánuðum, óháð árum

1. Tafla. Niðurstöður talninga á Dyrhólaósi og nágrenni í 11 talningum 2013-2013.

	Fuglar	15.3.10	22.4.10	27.4.12	17.5.12	11.6.12	18.7.12	1.8.12	22.8.12	19.9.12	19.10.12	1.2.13	Samtals
1	Álft	5	2	6	53	14	2				59	27	168
2	Heiðagæs		293	512						1			806
3	Grágæs	17	32	68	55	119	207	217	371	2	185		1273
4	Helsingi		233	60									293
5	Brandönd										1		1
6	Rauðhöfðaönd		51	43	12	12			46				164
7	Gargönd			3									3
8	Urtönd			12	7		6		70	96		30	221
9	Stökkönd	35	33	21	18	4	2		33			110	256
10	Grafönd			2	4								6
11	Skúfönd		4										4
12	Duggönd		10	6									16
13	Hávella			3									3
14	Æður		200	146	108	74	5				39		572
15	Toppönd			4	24	4				10	8		50
16	Fýll	5	7	81			1	3	190	17	34	3	341
17	Dílaskarfur									2	1		3
18	Smyrill						1	1		1			3
19	Tjaldur	9	121	30	47	8	49	53	2				319
20	Sandlóa				21		16	1	4	121			163
21	Heiðlóa		281	170		2	4	1	2				460
22	Rauðbristingur				90				3	1			94
23	Sanderla						248	3	30	71	45		397
24	Sendlingur									7			7
25	Lóupræll		1	1	53	1	275	16	42	240	2		631
26	Hrossagaukur		154	44	2		2	2	10				214
27	Jaðrakan		1326	196	44	9	12	32					1619
28	Spói		5		50		21	18	3				97
29	Stelkur	1	116	36	59	13	135	94	443	14			911
30	Tildra				9				10				19
31	Óðinshani					5	59		4				68
32	Kjói			1	8	6	10	16	3				44
33	Skúmur		1			1	4	2	5				13
34	Hettumáfur		59	35	240	89	14	1	64	1217	753		2472
35	Stormmáfur	1		2	2						4		9
36	Sílamáfur		65	27	7		2	4	1				106
37	Silfurmáfur		6	13	5		7	1	1	3	5		41
38	Klapparmáfur		1										1
39	Bjartmáfur			1									1
40	Hvítmáfur			2	1		1				7		11
41	Svartbakur	2	26	7	7	2		3	1		43		91
42	Ríta		13	4	290	40	42	28					417
43	Kría				875	6	47	31	12				971
44	Bjargdúfa		1	2	1		47	1	5	1			58
45	Brandugla					1							1
46	Þúfuttlingur			30	5		5	5	54	1			100
47	Maríuerla			10					15				25
48	Steindepill								5				5
49	Skógarpröstur		152						15			7	174
50	Hrafn		1	2	2			1		1	5	6	18
51	Snjótittlingur											350	350
	Alls	75	3194	1580	2099	410	1224	534	1444	1806	1191	533	14090

Dagsetningar eru feitletraðar þegar ósinn var úti (útfallið opið). 22.8. að hluta.



11. mynd. Sanderlur, lóuprælar og sandlóur á Dyrhólaósi 19. sept. 2012



12. mynd. Jaðrakanar í hvíld við Dyrhólaós eftir erfitt farflug 22. apríl 2010.



13. mynd. Stelkar við Dyrhólaós 22. ágúst 2012.

Haustfarið hófst í júlí og stóð fram í október. Ósinn var *uppi*, nema í einni talningu, 1. ágúst, en þá sást mun minna af fuglum heldur en í öðrum talningum á fartíma. Í heimsókn 2. ágúst 2009, en þá var ósinn *úti*, voru hundruð lóupræla, mikið af stelk og fleiri vaðfuglum á svæðinu. Algengust tegundirnar voru sandlóa, sanderla, lóupræll og stelkur (11., 13. og 14. mynd). Stærsti hópurinn voru 443 stelkar hinn 22. ágúst. Sérstaka athygli vöktu sanderlurnar, þær héldu til við ósinn frá júlí og fram í október, síðustu talingu haustsins. Flestar um 250 og alltaf nokkrir tugir nema 1. ágúst þegar ósinn var *uppi*. Grágæs sást í hópum í ágúst og október. Einu endurnar sem sáust á haustfarinu voru buslendur: rauðhöfðaönd, stökkönd og urtönd, en um 100 fuglar sáust af þeirri síðastnefndu. Sá farfugl sem mest nýtti ósinn um haustið var hettumáfur, fjöldinn fór yfir 1200 þann 19. september. Aðrir máfar voru ekki áberandi á fartíma. Talsvert bar á þúfutittlingi, maríuerlu, steindepli og skógarþresti í talningunni 22. ágúst.

4.2. Varpfuglar


4.2.1. Sjófuglar

Sumir algengustu varpfuglar kringum Dyrhólaós eru sjófuglar en þeir tengjast þessari rannsókn aðeins óbeint. Gert hefur verið grein fyrir fuglum Dyrhólaeyjar á öðrum vettvangi (María Harðardóttir & Einar Ó. Þorleifsson 2000, Erpur Snær Hansen & Ingvar Atli Sigurðsson 2012). Fýll er algengur varpfugl í Dyrhólaey, Geitafjalli og Reynisfjalli, auk fjalla fjær ósnum (forsíðumynd). Engin tilraun var gerð til að meta tölu varppara eða skilgreina útbreiðslu hans nánar. Æðarfugl verpur í Dyrhólaey, sumarið 2012 fundust 213 hreiður norðan undir Lágey og 11 hreiður norðan undir Háey (Erpur Snær Hansen & Ingvar Atli Sigurðsson 2012). Auk þess varp slæðingur dreift við norðanverðan ósinn. Þessir fuglar ala upp unga sína bæði á ósnum og á sjó, en kollur með unga sáust gjarnan röltu með unga yfir Reynisfjöru, milli óss og sjávar. Hinn 11. júní sáust alls 43 æðarkollur með á annað hundrað unga á öllum

talningarsvæðum óssins nema svæði A. Ritur verpa í Dyrhólaey og sáust talsvert á ósnum.

4.2.2 Mófuglar

Alls fundust 54 varppör mófugla af 11 tegundum í punktatalningum við norðanverðan ósinn. Algengastir voru hrossagaukur og stelkur, hvor með yfir fimmtung talinna varppara. Jaðrakan, spói og þúfutittlingur voru með um eða yfir 10% athugana. Talsvert var af tjaldi, en minna af heiðlóu, lóupræl, óðinshana, kjóa og branduglu, tvö eða færri pör. Þúfutittlingur hefur örugglega verið vantallinn. Úrtakið er of lítið til að gera mikið úr þéttleika á flatareiningu (pör/km²) og þéttleikatölur aðeins til viðmiðunar. Hann er þó greinilega hár miðað við opið land. Hreiður eða ungar tjalds, heiðlóu, hrossagauks, spóa, stelks og kjóa fundust á sama svæði um sumarið.



14. mynd. Ung sandlóa á Dyrhólaósi 19. september. 2012

2. tafla. Niðurstöður talninga á 9 punktum á fyrirhugaðri veglínu norðan Dyrhólaóss 11. júní 2012. Talningar-eining er par. Þéttleiki er ekki reiknaður fyrir stök pör. Hlutfallið er hlutfall af töldum pörum.

Fugl	Talin pör	Hlutfall fugla %	Pör/km ²
Tjaldur	4	7,4	25,9
Heiðlóa	2	3,7	34,5
Lóupræll	1	1,85	–
Hrossagaukur	13	24,1	95,5
Jaðrakan	6	11,1	18,5
Spói	8	14,8	22,9
Stelkur	11	20,4	66,1
Óðinshani	1	1,85	–
Kjóa	2	3,7	6,9
Brandugla	1	1,85	–
Þúfutittlingur	5	9,3	91,4
Alls	54	100	(362)

4.2.3. Aðrir varpfuglar

Grágæs er algengur varpfugl við norðanverðan Dyrhólaós, þar sem hún verpur í skurðruðningum og víðar. Þann 18. júlí sáu 207 gæsir við norðaustanverðan ósinn (talningarsvæði A og B) voru það 55 fullorðnar gæsir og 152 ungar. Ekki voru grágæsir aldursgreindar í annað sinn. Bæði stökkendur og urtendur sáu með unga í skurðum og lækjum við ósinn.



15. mynd. Hettumáfsvörp (rauðir punktar) og krúuvarp við Dyrhólaós vorið 2012.



16. mynd. Hettumáfsvarp við vestanverðan Dyrhólaós 11. júní 2012. Endur og vaðfuglar sækjast eftir að verpa innnaum hettumáfinn.

Tvö hettumáfsvörp voru við vestanverðan ósinn, nærri Loftstöllum (15. og 16. mynd). Stærri varpið var skammt austan vegarins í Dyrhólaey og voru hreiðrin 74 þann 11. júní. Hitt varpið var vestan vegar og aðeins sunnar. Þar voru 30 hreiður þann 17. maí, en 11. júní var varpið horfið. Nokkrar kríur urpu á þessum slóðum. Um 10-20 kríupör urpu skammt vestur af ósi Hvammsár (15. mynd).

Bjargdúfur sáust í flestum talningum, mest 47 saman við Reynisholt þann 18. júlí. Bjargdúfur munu verpa í Dyrhólaey og Reynisfjalli og sækja sér æti í kornakra í sveitinni og dvelja þar árið um kring. Yfir 100 fugla hópar hafa sést (Erla Bil Bjarnardóttir).

4.3. Vetrarfuglar

Þegar vetrarfuglafánan var skoðuð 1. febrúar 2013 fundust aðeins 7 tegundir á ósnum. Nokkrir fýlar sáust, en þeir sjást allan veturinn á varpstöðvunum. Hópar af álftum, stokkköndum og urtöndum voru á ósnum. Þrjú hrafnspör sáust, nokkrir skógarþrestir við Reynisholt og Þórisholt og snjóttittlingahópur við ósinn nærri Hvammsá. Um miðjan mars 2010 voru farfuglarnir byrjaðir að skjóta upp kollinum, en þá sáust stormmáfur og 2 svartbakar, sem gætu verið vetrargestir. Upplýsingar eru um vetrardvöl fálka, músarrindla og fleiri fugla, sjá tegundayfirlit.

5. Verndarviðmið

Dyrhólaós er á Náttúruminjaskrá (svæði nr. 708, en undir það svæði falla einnig Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall) og Dyrhólaey eru friðlýst (Umhverfisstofnun 2010). Í 2. viðauka er fjallað nánar um vernd tegunda, listaður upp allar þær fuglategundir sem fundust á athugunarsvæðinu og eru á válista, ábyrgðartegundir, SPEC flokkun *BirdLife International* og tegundir sem falla undir Bernarviðauka II og III. Jafnframt er rakið hvað þessar flokkanir fela í sér. Jafnframt er skráð ef um einlenda (*endemiska*) undirtegund er að ræða. Samkvæmt 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, skal utan þéttbýlis ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Sérstök ákvæði eru jafnframt í Náttúruverndarlögum (nr. 199/1999, 37. grein) um vernd stöðuvatna og tjarna að ákveðinni stærð, mýra og flóa stærri en 3 ha og sjávarfitja og leira.

6. Umræða

Það er ljóst á þessum athugunum að Dyrhólaós fósstrar fjölbreytt fuglalíf árið um kring. Sérstaklega er svæðið mikilvægt á fátíma. Yfir 3000 fuglar sáust að vorlagi og hátt í 2000 að hausti (8. og 9. mynd). Talsverður munur var á viðveru sumra tegunda, eftir því hvort ósinn er stíflaður (uppi) eða opinn (úti). Það er þó ljóst að miklu meiri rannsókn er þörf,

Hærri toppur var á vaðfuglafarinu um vorið og það tók skemmri tíma, en haustfarið, sem stóð í lengri tíma með minni toppum. Það er í samræmi við það sem gerist annars staðar á landinu.

Tvær tegundir náðu um 1% af Evrópustofnum í einni talningu hvor, jaðrakan 22. apríl (um 5% af íslenska stofninum) og sanderla 18. júlí. Þetta hlutfall þarf til að svæði komist á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, *BirdLife International*, um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA). Meiri upplýsingar þarf þó til að hægt sé að tilnefna Dyrhólaós á skrána (Ólafur Einarsson 2000). Í viðauka 2 sést að flestar þeirra rúmlega 50 tegunda sem voru skráðar við Dyrhólaós (flækingum sleppt) eru á einhverjum verndarviðmiðaskrá, margar fleiri en einni: á Válista Náttúrufræðistofnunar, ábyrgðartegund á Íslandi, sérstök einlend undirtegund, á einum af fjórum SPEC flokkum *BirdLife* og á einum af þremur Bernarviðaukum

(Náttúrufræðistofnun 2000, María Harðardóttir o.fl. 2003, Ólafur Einarsson 2000, Ólafur Einarsson o.fl. 2002). Þessir flokkar eru nánar skýrðir í viðauka 2. En ljóst er að Dyrhólaós fóstrar merkilegar fuglategundir og hann er mikilvægur fyrir margar tegundir sem eru á einum eða fleiri umræddra skráa.

Ósinn er mikilvægur fyrir farfugla, m.a. vegna þessu hversu fáar leirur eru á Suðurströnd landsins, frá Hornafirði/Skarðsfirði og vestur á Eyrar (Baugstaðir-Ölfusárós). Það eru helst ósar eins og Dyrhólaós, Hestgerðislón, Breiðabólssstaðarlón og Holtsós.

Landið norðan óssins, frá Geitafjalli að Hellum er mikið raskað, en dregið hefur úr landnotkun og er landið smátt og smátt að færast í fyrra horf, það sem ekki er nýtt sem tún eða rófugarðar. Skurðir stíflast, ósinn bleytir uppí landinu og smám saman koma aftur mýrar, flóar og deiglendi. Verndargildi þess fer því vaxandi.

Ef umdeilt vegarstæði er skoðað í ljósi niðurstöðva þessarar athugunar, er ljóst að endurmeta þarf þá ákvörðun, þar sem hún var tekin þrátt fyrir litlar sem engar upplýsingar lögju fyrir um gildi svæðisins fyrir fugla. Tengsl óssins við nálæg tún og votlendi eru ótvíræð, margir fuglar nota túnin og mýrarnar kringum ósinn til fæðuöflunar og sækja svo á ósinn til hvíldar og flýja þangað, ef þeir verða fyrir styggð. Vegur á bökkum óssins mundi rjúfa þessi tengsl. Vegur gæti einnig stíflað aðrennsli vatns í ósinn og haft varanleg áhrif á magn næringarefna og setefna, sem berast með ferskvatni til óssins og eru nauðsynlegar til að viðhalda leirunni og næra það dýralíf sem hún fóstrar og fuglunum er svo mikilvert. Vegur mundi valda ótvíræðri truflun á svæði þar sem afar litlar mannaferðir eru nú og fuglar hafa góðan frið árið um kring.

7. Prentaðar heimildir

- Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989. *Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík. I. Vaðfuglar*. Náttúrufræðingurinn 59(2): 59-84.
- Bibby, Colin J., Neil D. Burgess & David A. Hill 1992. *Bird census techniques*. Academic Press, London & San Diego, 258 bls.
- Einar H. Einarsson 1955. Breytingar á fuglalífi í Mýrdal frá því um 1920. Náttúrufræðingurinn 25(2): 99- 102.
- Erpur Snær Hansen & Ingvar Atli Sigurðsson 2012. *Úttekt á fuglalífi í Dyrhólaey 2012*. Unnið fyrir Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Suðurlands, 17 bls.
- María Harðardóttir (ritstj.) 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 291 bls.
- María Harðardóttir & Einar Ó. Þorleifsson 2000. *Fuglalíf í Dyrhólaey*. Unnið fyrir Náttúruvernd ríkisins. Náttúrufræðistofnun, NÍ 00003, 24 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Ólafur Einarsson 2000. IBAs in Iceland. Bls. 341-363 í: M. F. Heath and M. I. Evans (ritstj.). Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation. (Um Ísland í: Skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði í Evrópu). - BirdLife International, Cambridge.
- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson 2002. *Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar vegna Náttúruverndaráætlunar 2002*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 118 bls.
- Tómas Grétar Gunnarsson 2007. Frá kennslu að kolefnisbindingu. Um leirur. Morgunblaðið 4. apríl 2007.

VSÓ ráðgjöf 2012. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028. Umhverfisskýrsla. 33 bls. + viðaukar.

Umhverfisstofnun 2010. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Sótt 16.4.2013 af:

<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>



17. mynd. Vegurinn í Dyrhólaey 19. sept. 2012. Ósinn er úti.



18. mynd. Vegurinn í Dyrhólaey 1. febrúar 2013. Ósinn er uppi.



19. mynd. Dyrhólaós 19. sept. 2012. Ósinn er úti.

8. Viðaukar

Viðauki 1. Fuglalisti (byggt á athugunum höfundar, dagbókum Reynisholts, upplýsingum frá Eiríki Vilhelm Sigurðssyni og öðrum heimildum. Dagsetningar vísa til talninga nema annað sé tekið fram, sjá 1. töflu.

Álft sést helst á farmtíma vor og haust (aðallega mars og október/nóvember). Nokkrir tugir hafa vetursetu.

Heiðagæs er algengur fargestur á vorin, í apríl, og hafa þá sést yfir 500 fuglar. Mun minna sést af henni á haustin, í september.

Grágæs er algengur fargestur og varpfugl við Dyrhólaós. Hún sést frá því í mars fram í nóvember.

Helsingi er algengur fargestur í apríl, yfir 200 fuglar hafa sést við ósinn.

Brandönd er sjaldgæfur fargestur, hefur sést tvisvar: 18.5. og 19.10.2012, stakir fuglar í bæði skiptin.

Rauðhöfðaönd er fargestur, nokkrir tugir hafa viðkomu, aðallega á vorin, frá apríl og fram í júní.

Gargönd er sjaldgæfur vorfargestur, þrír steggir sáust í talningu 27. apríl.

Urtönd sést árið um kring, stærstu hóparnir síðsumars, mest 96 fuglar þann 19. sept. Hún er varpfugl í skurðum og við læki við norðanverðan ósinn.

Stökkönd sést árið um kring. Hún er varpfugl á svipuðum slóðum og urtönd. Einn algengasti vetrargesturinn, alls 110 sáust þann 1. febrúar 2013.

Grafönd er sjaldgæfur vorfargestur, tvær sáust 27. apríl og fjórar 17. maí.

Skeiðönd er sjaldgæfur vorgestur, í júní 1999 sást steggur við veginn úti Dyrhólaey.

Skúfönd er strjáll vorgestur, 4 sástu 22. apríl.

Duggönd er strjáll vorgestur, 6 og 10 sáust í talningum síðla í apríl.

Hávella er sjaldgæfur vorgestur, þrjár hávellur sáust 27. apríl.

Æður er algengur varpfugl við Dyrhólaós, mest í Dyrhólaey. Hann sést frá því í apríl og fram í október.

Hvítönd er sjaldgæfur gestur, þar sást við veginn úti Dyrhólaey í byrjun júní 2011.

Toppönd er vor- og haustgestur, flestar sáust 24 þann 17. maí.

Fýll er algengur varpfugl í klettum kringum ósinn, t.d. í Dyrhólaey, Geitafjalli og Reynisfjalli. Hann sést árið um kring, þó engir hafi verið skráðir í maí og júní. Flestir voru þeir í ágúst, 190 á ósnum, en það er um það leiti sem ungar verða fleygir.

Dílaskarfur er sjaldgæfur haustgestur, tveir fuglar sáust 19. sept. og einn. 19. okt.

Haförn er sjaldgæfur gestur, örn sást á flugi með Reynisfjalli 14. okt. 2012

Fálki er sjaldgæfur vetrargestur, upplýsingar eru um staka fálka frá 14. nóv. 2009 og 9. jan. 2010 nærri Reynisholti.

Smyrill er síðsumars- og haustgestur, stakir smyrlar sástu frá júlí – september.

Tjaldur er algengur fargestur og varpfugl, sem sést frá því í mars og fram eftir ágúst. Stærsti hópurinn var skráður 121 þann 22. apríl. Hann er algengur varpfugl við ósinn, varppéttleiki hans þar reyndist um 26 pör á km².

Sandlóa sást frá um miðjan maí fram í september, stærsti hópurinn 121 þann 19. sept. Hún fannst ekki verpandi í punktatalningu við norðanverðan ósinn, en verpur væntanlega á sendnari svæðum og er þekktur varpfugl í Dyrhólaey.

Heiðlóa er algengur vorfargestur, flestar sáust 281 þann 22. apríl. Hún er varpfugl við norðanverðan ósinn, þar sem þétteleikinn var áætlaður 35 pör á km².

Rauðbrystingur er fremur sjaldgæfur fargestur, ein vorathugun er frá 17. maí, 90 fuglar og seint í ágúst og september sáust þrír fuglar og stakur fugl.

Sanderla er fargestur, sérstaklega á haustfarinu. Þann 4. júní 1999 sáust 80 fuglar. Þann 18. júlí sáust svo 248 fuglar og sáust sanderlur allt haustið fram til 19. okt., þá 45 fuglar. Dyrhólaós var ekki þekktur sem viðkomustaður sanderlu.

Sendlingur er sjaldséður gestur, 4. júní 1999 sáust fimm, 19. sept. sáust sjö.

Lóupræll er fargestur, sést bæði á vorin (flestir 53 17. maí) og síðsumars/haustin (flestir 275 þann 18. júlí). Hann sást alveg fram í október. Strjáll varpfugl við norðanverðan ósinn, eitt þar með varpatferli fannst 11. júní.

Rúkragi sást einu sinni, 2. ágúst 2009 var stakur fugl í hópi lóupræla og annarra vaðfugla nærri Hvammsárósi. Rúkragi er reglulegur gestur hér á landi.

Hrossagaukur er vorfargestur, flestir sástu 154 þann 22. apríl. Hrossagaukur er algengasti varpfuglinn norðan við Dyrhólaós skv. punktatalningu 11. júní, þá fundust 13 pör með varpatferli og þétteleikinn var áætlaður 96 pör á km².

Jaðrakan er algengur vorfargestur, en sjaldséðari síðsumars. Hinn 22. apríl sáust 1326 fuglar og þar af um 1250 í einum hópi. Slæðingur sést fram í ágúst. Jaðrakan er varpfugl við norðanverðan

Dyrhólaós, alls fundust 6 pör með varpatferli í punktatalningum 11. júní, áætlaður þéttleiki er 19 pör á km².

Spói er fargestur, en sést þó sjaldan í stórum hópum. Flestir sáu 50 þann 17. maí. Hann er algengur varpfugl við norðanverðan ósinn, alls fundust 8 pör með varpatferli og þéttleiki var áætlaður 23 pör/km².

Stelkur er algengur fargestur, bæði vor og haust. Um vorið sáu flestir 116 þann 22. apríl og síðsumars 443 þann 22. ágúst. Stelkur er næstalgengasti varpfuglinn við norðanverðan ósinn, þar fundust 11 pör með varpatferli 11. júní og var reiknaður þéttleiki 66 pör/km².

Tildra er sjaldséður fargestur, sitthvor hópurinn, 9 og 10 fuglar, sáu 17. maí og 22. ágúst.

Óðinshani aðallega síðsumargestur við ósinn, flestir sáu 59 þann 18. júlí. Eitt óðinshanaóðal var við norðanverðan ósinn 11. júní.

Kjóí er sumargestur við Dyrhólaós, sáu frá 27. apríl til 22. ágúst og eru það væntanlega aðallega varpfuglar sem sáu. Tvö pör með varpatferli (þar af fannst hreiður annars) sáu í punktatalningum 11. júní, útreiknaður varþéttleiki 7 pör/km².

Skúmur er strjáll sumargestur, nokkrir fuglar sáu frá 11. júní til 22. ágúst.

Hettumáfur er einn algengasti fuglinn á Dyrhólaósi. Hann sáu í öllum athugunum nema í febrúar og mars. Flestir sáu um haustið, 1217 þann 19. sept. og 753 þann 19. okt. Tvö vörp voru við vestanverðan ósinn, nærri veginum úti Dyrhólaey. Annað með um 75 hreiðrum var austan vegar, en hitt, með um 30 hreiðrum, var vestan vegar. Síðara varpið hvarf, hvað sem olli því, en eitthvað komst upp af ungum í stærra varpinu.

Stormmáfur er sjaldgæfur vor og haustgestur, flestir sáu 4 með hettumáfum 19. okt.

Sílamáfur er sumargestur, algengastur á vorin, flestir sáu 65 þann 22. apríl. Sílamáfar urpu í og við Dyrhólaey 1999 en ekki 2012.

Silfurmafur er fremur strjáll sumargestur, sáu frá apríl fram í október, flestir 13 þann 27. apríl. Hann er strjáll varpfugl í Dyrhólaey.

Klapparmáfur sáu með sílamáfum 22. apríl 2010 (20. mynd). Klapparmáfur er sjaldgæfur gestur hér á landi, hafði líklega aðeins sést þrisvar sinnum áður.

Bjartmáfur er sjaldgæfur vorgestur, einn var með öðrum máfum 27. apríl.

Hvítmáfur er fremur sjaldséður, sáu í fjórum athugunum, flestir 7 þann 19. okt.

Svarbakur sáu í 8 talningum af 11. Flestir 26 þann 22. apríl og 43 19. okt. Fáein pör urpu í og við Dyrhólaey 1999, en hann fannst ekki verpandi 2012.

Ríta er algengur varpfugl í Dyrhólaey þar sem nokkur hundruð pör verpa. Hún sáu á ósum allt sumarið, frá apríl og fram í ágúst, flestar 290 þann 17. maí.

Kría sáu frá 17. maí fram til 22. ágúst, flestar 875 þann 17. maí. Fáeinar kríur urpu í grennd við hettumáfana vestan óss og lítið varp, 10-20 pör var skammt vestan ósa Hvammsár. Kríur verpa í Dyrhólaey.

Bjargdúfa er varpfugl í Dyrhólaey og Reynisfjalli. Ekki er þó vitað hversu mörg pör verpa þar. Bjargdúfur sjást árið um kring í Mýrdal og sækja m.a. í kornakra. Stærsti hópurinn í talningu voru 47 við Reynisholt 18. júlí. (21. mynd). Rúmlega 100 dúfur sáu á Lækjarbakka um áramótin 2012/2013.

Brandugla er strjáll varpfugl í mýrlendinu norðan Dyrhólaóss. Fugl sáu í punktatalningu 11. júní og fuglar með unga hafa sést við Þórisholt/Reynisholt, þar sem uglur sjást reglulega. Eitt til tvö pör munu verpa á svæðinu.

Þúfuttlingur er algengur varpfugl í graslendi og mýrlendi kringum Dyrhólaós. Fimm pör fundust í punktatalningum 11. júní, útreiknaður þéttleiki voru 91 par á km². Flestir fuglar sáu á fartíma: 27. apríl um 30 og 22. ágúst, 54.

Maríuerla er fargestur, sáu í apríl (10) og ágúst (15), hún verpur heim við bæi kringum ósinn og í Dyrhólaey.

Músarrindill er vetrargestur, stakir fuglar sjást reglulega við Reynisholt.

Steindepill sáu aðeins einu sinni, 5 fuglar þann 22. ágúst. Hann hefur orpið í Dyrhólaey.

Skógarpröstur sáu í tvígang á fartíma, 152 fuglar þann 22.4. og 15 þann 22. ágúst, en upplýsingar eru um stóra hópa þrasta á fartíma á vorin. Í vetrartalningu, 1. febrúar, sáu nokkrir við Þórisholt og Reynisholt. Skógarpröstur var talinn verpa í Dyrhólaey 1999 og hann verpur við flesta bæi í sveitinni.

Hrafn Fáeinir hrafnar (1-6) sáu í mörgum talningum. Hrafn hefur orpið í Dyrhólaey og sjálfsagt miklu víðar í klettum kringum ósinn.

Snjóttlingur er vetrargestur, sem sést reglulega við Reynisholt á veturna. Um 350 fuglar sáu nærri ósum Hvammsár 1. febrúar.

Viðauki 2, verndarviðmið.

Tegundir sem þarfnast verndar eru flokkaðar þannig (María Harðardóttir o.fl. 2003):

- Tegundir á válista og sjaldgæfar tegundir
- Ábyrgðartegundir
- Tegundir mikilvægar á landsvísu
- Tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga

Á válista eru 32 tegundir fugla. Þetta eru m.a. litlir stofnar, nýir landnemar og fuglar sem eru hér á mörkum útbreiðslu sinnar (Náttúrufræðistofnun 2000). Þótt tiltölulega fáar fuglategundir verpi hér á landi, er fjöldi einstaklinga oft mikill og af þeim sökum eru íslenskir fuglastofnar tíðum hátt hlutfall af Evrópu- eða heimsstofni viðkomandi tegundar. Í alþjóðasamstarfi eru slíkar tegundir nefndar ábyrgðartegundir. Ef miðað er við 30% lágmark af Evrópustofni, eru það að minnsta kosti 16 varpfuglar, sem Íslendingar bera mikla ábyrgð á. Nokkrar tegundir fugla hafa viðdvöl á Íslandi á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum, en verpa ekki á landinu. Kallast þeir fargestir eða umferðarfuglar. Ísland er mikilvægur áningarstaður fyrir þessa norðlægu fugla og ábyrgð okkar því mikil á þessum stofnum (María Harðardóttir o.fl. 2003, Ólafur Einarsson o.fl. 2002, Náttúrufræðistofnun 2000).

Á vegum Alþjóða fuglaverndarsamtakanna BirdLife International hafa allar evrópskar fuglategundir verið flokkaðar með tilliti til verndarstöðu í Evrópu. Þetta eru svokallað Species of European Conservation Concern eða evrópskar fuglategundir sem þarfnast verndar (SPEC) (BirdLife International 2004). Þær eru flokkaðar í fjóra flokka:

- SPEC 1: Tegundir sem eru í hættu (Species of global conservation concern).
- SPEC 2: Tegundir sem hafa megin útbreiðslusvæði í Evrópu en standa höllum fæti (Concentrated in Europe, unfavorable conservation status).
- SPEC 3: Tegundir sem ekki hafa meginútbreiðslusvæði í Evrópu en standa höllum fæti (Not concentrated in Europe, unfavorable conservation status).
- SPEC 4: Tegundir sem hafa meginútbreiðslusvæði í Evrópu en stofnar ekki í hættu (Concentrated in Europe, favorable conservation status). Aðrar tegundir sem ekki tilheyrja þessum flokkum eru þær sem ekki eru í hættu og meginútbreiðslusvæði er ekki í Evrópu.

Bernarsamningurinn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu var gerður í Bern í Sviss árið 1979 og öðlaðist gildi árið 1982. Aðild Íslands tók gildi þann 1. október 1993 (Stj.tíð.C 17/1993). Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinnu þarf til að vernda. Markmið samningsins er enn fremur að hvetja til fjölþjóðlegrar samvinnu þar sem hennar er þörf til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I - III telja þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir. Viðauki II hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr, froska, fiska, skordýr og önnur lægri dýr. Aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæði þeirra, meðal annars m.t.t. veiða, eggjatöku, ónæðis við bústaði þeirra, sérstaklega um fengi- og varptímamann, og verslunar, ef það hefur þýðingu fyrir verndun tegundanna. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans. Viðauki III hefur að geyma skrá yfir spendýr, fugla, skriðdýr og froskdýr. Þessi dýr skulu njóta verndunar og aðilum ber að tryggja að veiði eða „föngun“ þessara tegunda sé hagað þannig að þeim sé ekki stofnað í hættu, m.a. með takmörkun á veiðitíma, svæðisbundnum banni á veiðum og stjórn á nýtingu og verslun. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans (Umhverfisstofnun 2009).

Flokkun fugla eftir verndarviðmiðum, sjá síðuna á undan og 5. kafla

	Staða á Dyrhólaósi	Válisti	Ábyrgðartegund	Sérstök undirteg.	SPEC flokkun	Bernar-viðauki
Álft	Gestur		X		4	II
Heiðagæs	Fargestur		X			III
Grágæs	Varpfugl/fargestur	X	X		4	III
Helsingi	Fargestur	X	X		4/2	II
Brandönd	Sjaldg. fargestur	X				II
Rauðhöfðaönd	Fargestur					III
Gargönd	Sjaldg. fargestur	X			3	III
Urtönd	Varpfugl/veitargestur/fargestur					III
Stökkönd	Varpfugl/veitargestur/fargestur					III
Grafönd	Sjaldg. fargestur	X			3	III
Skúfönd	Sjaldg. fargestur					III
Duggönd	Sjaldg. fargestur				3	III
Hávella	Sjaldg. fargestur					III
Æður	Varpfugl		X	X		III
Toppönd	Fargestur					III
Fýll	Varpfugl/gestur		X			III
Dílaskarfur	Sjaldséður haustgestur					III
Haförn	Sjalds. gestur	X			3	II
Fálki	Sjalds. gestur	X	X		3	II
Smyrill	Síðsumar/haustgestur			X		III
Tjaldur	Varpfugl/fargestur					III
Sandlóa	Fargestur/varpf.		X			III
Heiðlóa	Varpfugl/fargestur		X		4	III
Rauðbrystingur	Fargestur		X		3	III
Sanderla	Fargestur		X			III
Sendlingur	Sjalds. haustgestur		X	X	4	II
Lóupræll	Fargestur/varpf.		X			III
Hrossagaukur	Varpfugl/fargestur			X		III
Jaðrakan	Varpfugl/fargestur		X	X	2	II
Spói	Varpfugl/fargestur		X	X	4	II
Stelkur	Varpfugl/fargestur		X	X	2	III
Tildra	Fargestur		X			II
Óðinshani	Varpfugl/fargestur					III
Kjóí	Varpfugl					III
Skúmur	Sumargestur		X		4	III
Hettumáfur	Varpfugl/fargestur					III
Stormmáfur	Sjaldg. fargestur	X			2	III
Sílamáfur	Sumargestur				4	
Silfurmáfur	Gestur					
Bjartmáfur	Sjaldg. vorgestur					III
Hvítmáfur	Gestur					III
Svartbakur	Gestur	X			4	
Rita	Sumargestur					III
Kría	Varpfugl/sumargestur		X			III
Bjargdúfa	Varpfugl/gestur					III
Brandugla	Varpfugl	X			3	II
Þúfuttlingur	Varpfugl/fargestur				4	II
Maríuerla	Varpfugl/fargestur					III
Steindepill	Sjalds. haustgestur			X	4	III
Skógarpröstur	Fargestur/varpf.		X	X	4	III
Hrafn	Gestur/varpfugl	X		X		III
Snjóttlingur	Vetrargestur		X	X	4	III



20. mynd. Klapparmáfur með sílamáfum við Dyrhólaós 22. apríl 2010.



21. mynd. Bjargdúfur við Reynisholt 18. júlí 2012þ